

BRÉF

1.1 ALMENN BRÉF INNANLANDS 0 – 50 GR.

Almenn bréf innanlands er bréfaþóstur sem áritaður er á nafn viðtakanda, vegur innan við 50 gr. og er ekki umfangsmeiri en stærðarmörk póstlúgu skv. byggingareglugerð.

1.1.1 Stærðarmörk

Hámarksstærð miðast við stærðarmörk póstlúgu þegar um handflokkanleg bréf er að ræða:
Lengd x breidd x hæð: 350 x 260 x 25 mm.

Hámarksstærð, vélflokkanleg:
Lengd x breidd x hæð: 325 x 230 x 5 mm.

Lágmarksstærð, handflokkanleg:
Lengd x hæð: 90 x 140 mm.

Lágmarksstærð, vélflokkanleg:
Lengd x breidd x hæð: 160 x 90 x 0,2 mm.

1.1.2 Innihald

Eftirfarandi sendingar er óheimilt að senda hér á landi:

1. Efni sem stafar af eld- eða sprengihætta og önnur hættuleg efni.
2. Eiturlyf og ofskynjunarefni, nema til læknisfræðilegra eða vísindalegra nota.
3. Geislavirk efni.
4. Klámfengnir og siðlausir hlutir.
5. Hlutir sem í eðli sínu eða sökum óvandaðra umbúða, geta skaðað póststarfsmenn, óhreinkað eða skemmt aðrar sendingar eða tæki Póstsins.
6. Lifandi dýr.
7. Fersk matvæli, frosin, reykt eða óelduð, sbr. kjöt, fiskur, egg eða annað matarkyns sem getur skemmt í flutningum.
8. Peningaseðla, mynt eða hvers konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgripa eða hliðstæð verðmæti.

Póstsendingar er innihalda lífræn efni t.d. lífsýni verða að vera sendar sem pakkasendingar eða sem ábyrgðarbréf. Sjá kafla 1.6 og 2.1.

1.1.3 Þjónustu- og gæðastaðlar

Almenn bréf innanlands eru borin út daglega. Almenn bréf innanlands er borin út 1., 2. eða 3. virkan dag eftir póstlagningu ef póstlagt er fyrir síðasta skilgreinda póstlagningartíma (Sjá kafla [1.1.4](#)). Gæði póstþjónustunar skulu miðast að lágmarki við að 85% af bréfum sé dreift til viðtakanda fyrsta virkan dag eftir póstlagningu, nema til og frá þeim stöðum sem hafa að jafnaði einn virkan dag til viðbótar í flutningi milli svæða, sjá [Viðauka A](#).

1.1.4 Síðasti skilgreindi póstlagningartími bréfa

Sé póstlagt á pósthúsi, í póstkössum á höfuðborgarsvæðinu eða hjá fyrirtækjaþjónustu Póstsins á höfuðborgarsvæðinu miðast póstlagningartími við að póstlagt sé fyrir kl. 16:30. Á einstaka pósthúsum á landsbyggðinni geta tímamörk verið önnur sökum flutninga á pósti til og frá svæðinu. Sé póstlagt í póstkassa á landsbyggðinni má finna nánari upplýsingar um síðasta póstlagningartíma á póstkössunum sjálfum.

1.1.5 Afhending

Almenn bréf innanlands eru borin út til viðtakanda alla virka daga á tímabilinu frá kl. 9:00 – 17:00. Undantekningar frá þeirri reglu að dreifa pósti fimm daga vikunnar eru einstaka staðir í dreifbýli þar sem borið er út þrjá daga vikunnar. Sjá [Viðauka A](#)

1.1.6 Burðargjald og póstlagningarmáti

Burðargjald telst greitt ef á bréfið er límt frímerki eða það stimplað með svokölluðu gjaldmerki. Til gjaldmerkja teljast frímerki, límniðar úr sölukerfi Póstsins og stimplar úr frímerkingarvél. Upphæðin sem tilgreind er á gjaldmerkinu skal vera í samræmi við gildandi verðskrá Póstsins.

Bréf sem eru með ofangreind gjaldmerki má póstleggja í póstkassa, á pósthúsi og hjá fyrirtækjaþjónustu Póstsins.

Verð: Sjá verðskrá og www.postur.is

1.1.7 Afslættir

Magnafsláttur er veittur þegar um er að ræða ákveðinn lágmarksfjölda ófrímerktra bréfa sem öll eru eins að lögun og innan sama þyngdarflokks, árituð á nafn og öll póstlögð á sama tíma, þ.e. koma til Póstsins í einu lagi.

Afsláttur fyrir Almenn bréf innanlands er flokkaður í tvo flokka, vélflokkanlegan 1 – 50 gr. og handflokkanlegan 1-50 gr. Vélflokkanlegur þóstur er flokkaður og dagstimplaður í flokkunarvél Póstsins.

Afslættir miðast við eftirfarandi skilyrði:

Vélflokkanleg bréf 1 – 50 gr.

– Sendingarnar skulu allar vera vélflokkanlegar og ófrímerkta. Sjá viðauka B.

Handflokkanleg bréf 1 – 50 gr.

– Sendingarnar skulu vera ófrímerkta, aðgreindar eftir póstnúmerum og innan póstnúmera skulu götuheiti vera í stafrófsröð.

Önnur skilyrði fyrir magnafslætti vél- og handflokkanlegs pósts eru eftirfarandi:

- Að frágangur póstagðs Almennra bréfa innanlands sé í samræmi við skilyrði sem koma fram í kafla [1.1.8](#).
- Að beiðni fylgi með þ.e. ein beiðni fyrir heildarmagn sem póstagt er í einu. Hægt er að nálgast beiðnablöð á www.postur.is eða hjá fyrirtækjapjónustu Póstsins í síma 580-1100. Á beiðni skal fylla út þau viðskiptanúmer (kennitala og/eða undirkennitölur) sem gjaldfæra skal á. Ef talið magn er ekki í samræmi við beiðni þá er mismunur gjaldfærður á skráða kennitölu fyrirtækis. Ef fleiri en ein beiðni með pósthöfðu magni kemur í einu þá telst það sem fleiri en ein póstagning. Hver beiðni jafngildir póstagningu.


Afsláttarkjör er að finna á www.postur.is.

1.1.8 Skilyrði um frágang Almennra bréfa innanlands til að fá afsláttarkjör

Almenn bréf innanlands skulu vera afhent Póstinum í bökkum sem Pósturinn útvegar sendanda að kostnaðarlausu. Bréfum skal vera raðað eins og neðangreind mynd sýnir. Öll bréf skulu snúa eins, vera eins að lögun og í sama þyngdarflokki. Ef bréf eru handflokkanleg þá skulu þau vera í pósthólfur og innan pósthólfa skulu götuheiti vera í stafrófsröð. Bréf til útlanda skulu vera aðskilin frá bréfum sendum innanlands.



Lítill bréf



Stór bréf

Hver bakki skal einungis innihalda bréf sem tilheyra einum sendanda (eitt viðskiptamannanúmer!).

Leyfilegt er að þyngdarmismunur sé milli póstagðra bréfa sem eru saman í bakka, þ.e. ef þau eru innan sama þyngdarflokks. Hver bakki skal einungis innihalda eina tegund af pósti, t.d. Almenn bréf innanlands mega ekki vera í sama bakka og Magnpóstur.

1.1.9 Áritun og merkingar

Póstfang viðtakanda skal rita framan á bréf á svæði sem er a.m.k. 4 cm fyrir neðan efri brún bréfsins og a.m.k. 1,5 cm frá vinstri hlið, a.m.k. 4 cm frá hægri hlið og 2,5 cm frá

neðri brún. Á svæðinu skulu ekki vera aðrar upplýsingar en þær sem tengjast beint pósthöfðu viðtakanda.

Komi pósthöfðu sendanda fram á bréfinu skal það vera uppi í vinstra horni bréfsins og ekki ná lengra frá efri brún bréfsins en 4 cm. Einnig er leyfilegt að pósthöfðu sendanda komi fram á neðsta hluta umslags.



Rita skal nafn viðtakanda í nefnifalli. Fyrir neðan er ritað heimilisfang í þágufalli og fyrir neðan heimilisfangið er ritað pósthöfðu og heiti bæjarfélags/borgar einnig í þágufalli. Ef viðtakandi vill fá bréfið afhent í pósthöfðu er númer pósthólfsins ritað í stað heimilisfangs og pósthöfðu pósthólfsins ritað í stað pósthólfsnúmers bæjarfélagsins þar sem við á. Sjá kafla 4.2 í Viðskiptaskilmálum um pósthöfðu.

Gjaldmerki skal líma/stimpla í efra hægra horn bréfsins þeim megin sem utanáskriftin er.

Ef bréf eru vélflokkanleg skal fylgja reglum um áritun samkvæmt viðauka B.

Ef innihald bréfsins er viðkvæmt og ekki má brjóta umslagið saman til að koma því í pósthöfðu er mikilvægt að merkja sendinguna með áletruninni „Má ekki brjóta/Do not fold“ neðst í hægra horni bréfsins. Áletrun þarf að sjást vel.

1.1.10 Endursendingar, áframsendingar og biðpóstur

Endursending/óskilasendingar:

Ef viðtakandi finnst ekki samkvæmt utanáskrift bréfsins og tilraunir til að finna nýtt aðsetur viðtakanda reynast árangurslausar er bréfið endursent til sendanda. Ef sendandi er ekki þekktur er bréfið geymt í a.m.k. þrjú mánuði en að þeim tíma liðnum er því eytt. Starfsmenn Póstsins reyna þó ávallt að koma bréfum til viðtakanda.

Sendandi getur límt miða á sendinguna þar sem beðið er um að fá bréf endursent með réttu pósthöfðu ef viðtakandi finnst ekki samkvæmt utanáskrift. Þá endursendir Pósturinn bréfin til sendanda sem hefur þá tækifæri til að uppfæra sínar upplýsingar.

Áframsending:

Ef viðtakandi hefur tilkynnt flutning eða biður um áframsendingu á nýtt pósthöfðu þarf að greiða mánaðarlegt þjónustugjald.

Hægt er að tilkynna um flutning án þess að greiða þjónustugjald en þá mun áframsending ekki taka gildi og því verða bréfin sem berast á gamla heimilisfangið endursend.

¹ Viðskiptamannanúmer telst vera kennitala fyrirtækis ásamt undirkennitölum þess. Fjöldi virkra undirkennitalna án endurgjalds takmarkast við 30 undirkennitölur.

Verð: Sjá verðskrá og www.postur.is

Biðpóstur:

Viðtakendur sem tímabundið hafa ekki fastan samastað, t.d. ferðamenn, geta fengið póst sinn stílaðan á biðpóst í stað heimilisfangs og sótt hann á fyrirfram ákveðið pósthús. Þau bréf skulu árituð á eftirfarandi hátt:

Nafn viðtakanda
Biðpóstur (Post restante)
Pnr staður

Einnig er mögulegt að óska eftir áframsendingu frá heimilisfangi yfir á pósthús sem biðpóst. Greiða þarf fyrir það mánaðarlegt þjónustugjald. Sækja þarf um þessa þjónustu á www.postur.is eða á næsta pósthúsi.

Geymslutími biðpósts á almennum óskráðum sendingum er 60 dagar nema um annað sé samið en 30 dagar á skráðum sendingum.

Verð: Sjá verðskrá og www.postur.is

1.1.11 Skaðabætur

Engin ábyrgð er tekin á Almennum bréfum innanlands, hvorki tjóni né seinkun, og hann er ekki rekjanlegur. Þar með eru ekki greiddar skaðabætur fyrir Almenn bréf innanlands. Engin ábyrgð er heldur tekin á afleiddu tjóni.

1.1.12 Viðbótarþjónusta

Svarsendingar. Sjá kafla 1.10.

1.2 MAGNPÓSTUR 0-50 GR.

Magnpóstur er bréfaþóstur innanlands sem áritaður er á nafn viðtakanda, vegur innan við 50 gr. og er ekki umfangsmeiri en stærðarmörk póstlúgu skv. byggingareglugerð. Lágmarksfjöldi bréfa eru 500 stk. póstlögð í einu² sem þurfa að vera jafnstór, innan sama þyngdarflokks og eins að lögun.

Magnpóstur getur verið handflokkanlegur eða vélflokkanlegur, [sjá viðauka B](#).

Sömu skilmálar og fyrir Almenn bréf innanlands gilda um [innihald \(kafla 1.1.2\)](#), [áritun og merkingar \(kafla 1.1.9\)](#), [endursendingar, áframsendingar og biðpóst \(kafla 1.1.10\)](#) sem og [skaðabætur \(kafla 1.1.11\)](#).

1.2.1 Stærðarmörk

Hámarksstærð miðast við stærðarmörk póstlúgu þegar um handflokkanleg bréf er að ræða:
Lengd x breidd x hæð: 350 x 260 x 25 mm.

Hámarksstærð, vélflokkanleg:
Lengd x breidd x hæð: 325 x 230 x 5 mm.

Lágmarksstærð, handflokkanleg:
Lengd x hæð: 90 x 140 mm.

Lágmarksstærð, vélflokkanleg:
Lengd x breidd x hæð: 160 x 90 x 0,2 mm.

1.2.2 Þjónustu- og gæðastaðlar

Magnpóstur er borinn út 1. til 5. virka dag eftir póstlagningu ef póstlagt er fyrir síðasta skilgreinda póstlagningartíma (Sjá kafla [1.2.4](#) 1.1.4), nema til og frá þeim stöðum sem hafa að jafnaði einn virkan dag til viðbótar í flutningi milli svæða, sjá [viðauka A](#).

1.2.3 Póstlagning

Póstleggja skal Magnpóst í afgreiðslu Póstmiðstöðvar Póstsins eða með Fyrirtækjaþjónustu Póstsins ef póstlagt er á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar póstlagt er fyrir utan höfuðborgarsvæðið skal það gert á pósthúsi eða með Fyrirtækjaþjónustunni á þeim stöðum sem hún er í boði, sjá kafla 4.1.

1.2.4 Síðasti skilgreindi póstlagningartími bréfa

Sé póstlagt í afgreiðslu Póstmiðstöðvar þá miðast póstlagningartími við kl. 14:00. Ef póstlagt er eftir þann tíma getur vinnslu seinkað um einn sólarhring. Þegar póstlagt er með Fyrirtækjaþjónustu Póstsins miðast síðasti skilgreindi póstlagningartími við kl. 16:30. Sé póstlagt utan höfuðborgarsvæðisins á pósthúsi miðast síðasti skilgreindi póstlagningartíminn við kl. 14:00 nema

² Að póstleggja í einu telst þegar Pósturinn móttækur heildarmagnið sem skal gjaldfæra í einu lagi, ekki í hlutum yfir daginn. Heildarmagnið skal gjaldfært á eitt viðskiptamannanúmer eða staðgreitt við póstlagningu.

á einstaka pósthúsum á landsbyggðinni þar sem tímamörk geta verið önnur sökum flutninga á svæðinu.

1.2.5 Afhending


Magnpóstur er borinn út til viðtakanda alla virka daga á tímabilinu frá kl. 9:00 – 17:00. Undantekningar frá þeirri reglu að dreifa pósti fimm daga vikunnar eru einstaka staðir í dreifbýli þar sem borið er út þrjá daga vikunnar. Sjá [Viðauka A](#)

1.2.6 Skilyrði um frágang Magnpósts

Magnpóstur skal vera afhentur Póstinum í bökkum sem Pósturinn útvegar sendanda að kostnaðarlausu. Bréfum skal vera raðað eins og neðangreind mynd sýnir. Öll bréf skulu snúa eins, vera eins að lögun og í sama þyngdarflokki. Ef bréf eru handflokkanleg þá skulu þau vera í póstnúmeraröð og innan póstnúmera skulu götuheiti vera í stafrófsröð. Bréf til útlanda skulu vera aðskilin frá bréfum sendum innanlands.



Lítill bréf



Stór bréf

Öll umslög skulu vera merkt sendanda, sjá kafla [1.1.9](#).

Hver bakki skal einungis innihalda bréf sem tilheyra einum sendanda (eitt viðskiptamannanúmer³).

Leyfilegt er að þyngdarmunur sé milli póstlagðra bréfa sem eru saman í bakka, þ.e. ef þau eru innan sama þyngdarflokks. Hver bakki skal einungis innihalda eina tegund af pósti, t.d. Almenn bréf innanlands mega ekki vera í sama bakka og Magnpóstur.

1.2.7 Afslættir

Magnafsláttur er veittur þegar um er að ræða ákveðinn lágmarksfjölda ófrimerktra bréfa sem öll eru eins að lögun og innan sama þyngdarflokks, árituð á nafn og öll póstlögð á sama tíma, þ.e. koma til Póstsins í einu lagi.

Afsláttur fyrir Magnpóst er flokkaður í tvo flokka, vélflokkanlegan 1 – 50 gr. og handflokkanlegan 1-50 gr. Vélflokkanlegur póstur er flokkaður og dagstimplaður í flokkunarvél Póstsins.

³ Viðskiptamannanúmer telst vera kennitala fyrirtækis ásamt undirskriftum þess. Fjöldi virkra undirskrifta án endurgjalds takmarkast við 30 undirskriftir.

Afslættir miðast við eftirfarandi skilyrði:

Vélflokkanleg bréf 1 – 50 gr.

- Sendingarnar séu allar vélflokkanlegar og ófrimerktar. [sjá viðauka B.](#)

Handflokkanleg bréf 1 – 50 gr.

- Sendingarnar skulu vera ófrimerktar, aðgreindar eftir póstnúmerum og innan póstnúmera skulu götuheiti vera í stafrófsröð.

Önnur skilyrði fyrir magnafslætti vél- og handflokkans póstu eru eftirfarandi:

- Að frágangur póstagöðs Magnpósts sé í samræmi við skilyrði sem koma fram í kafla 1.2.6.
- Að það fylgi með beiðni, þ.e. ein beiðni fyrir heildarmagn sem póstagt er í einu. Hægt er að nálgast beiðnablöð á www.postur.is eða hjá fyrirtækjaþjónustu Póstsins í síma 580-1100. Á beiðni skal fylla út þau viðskiptanúmer (kennitala og/eða undirkennitölur) sem gjaldfæra skal á. Ef talið magn er ekki í samræmi við beiðni er mismunur gjaldfærður á skráða kennitölu fyrirtækis. Ef það koma fleiri en ein beiðni með póstagtöðu magni í einu þá telst það sem fleiri en ein póstagning. Hver beiðni jafngildir póstagningu.

Afsláttarkjör eru stigvaxandi eftir póstagtöðu magni í hvert sinn. Stórnótendum með meira en 5.000.000 póstagtöðu bréfa á ári býðst fastur afsláttur, sjá neðangreind skilyrði:

Til að veittir séu fastir afslættir:

- Uppfylla skal öll skilyrði sem nefnd eru í kafla [1.2.7.](#)
- Póstleggja þarf að lágmarki 15.000 stk í einu lagi í sama þyngdarflokki.
- Póstleggja þarf að lágmarki 310.000 stk. í hverjum mánuði í sama þyngdarflokki.
- Póstleggja þarf að lágmarki 5.000.000 stk. á ári í sama þyngdarflokki.
- Viðskipti þurfa að vera bókuð í reikningsviðskipti.

Ef póstagt magn í einu er undir lágmarki gilda almennir afslættir fyrir Magnpóst, þ.e.a.s ef öll skilyrði fyrir þeim hafa verið uppfyllt.

Ef póstagt magn í mánuði eða yfir árið uppfylla ekki ofangreind lágmark verður samningi um föst afsláttarkjör sagt upp með 2 mánaða fyrirvara.

Nýjum viðskiptavinum ber að uppfylla öll ofangreind skilyrði innan þriggja mánaða eftir að gildistöku samnings milli aðila þar sem kveðið er á um föst afsláttarkjör. Ef skilyrðin hafa ekki verið uppfyllt mun fastur afsláttur falla strax niður án formlegrar tilkynningar og reiknast þá afsláttur eftir almennri afsláttarskrá Magnpósts, þ.e.a.s ef öll skilyrði fyrir þeim hafa verið uppfyllt.

Afsláttarkjör er að finna á www.postur.is.

1.2.8 Viðbótarþjónusta

Svarsendingar. Sjá kafla 1.10.